

Tillaga um að hefja skipulagsvinnu fyrir Vatnsendahlíð til þess að mæta þörfum eldri íbúa í Kópavogi.

Greinargerð:

Undirrituð leggja til að hafin verði vinna við endurgerð á deiliskipulagi nýrrar íbúðabyggðar í Vatnsendahlíð. Eldri bæjarbúar eru ört vaxandi og fjölbreyttur hópur og ákaflega mikilvægt að halda áfram uppbyggingu fjölbreyttra búsetukosta til að koma til móts við þarfir þeirra. Vatnsendahlíð er eitt glæsilegasta byggingarland á höfuðborgarsvæðinu og liggur upp að lífsgæðakjarnanum í Boðarþingi. Svæðið er líka í góðum tengslum við blandaða byggð í næsta nágrenni. Auk þess eru friðsæl útivistarsvæði innan seilingar, við Elliðavatn og Guðmundarlund.

Undirrituð telja áframhaldandi uppbyggingu lífsgæðakjarnans við Boðarþing ákjósanlega til að mæta þörfum eldri íbúa í Kópavogi og nýta tiltæka innviði. Fyrir hartnær tveimur áratugum hófu Kópavogsbær og Sjómannadagsráð samstarf um skipulag nýs hverfis í Boðarþingi. Meginhugmyndin var að skipuleggja þetta byggð með þarfir eldra fólks í Kópavogi í huga. Úr varð uppbygging með veglegri þjónustumiðstöð og sundlaug, hjúkrunarheimili með 44 þjónusturýmum, öryggisíbúðum og almennum íbúðum fyrir eldra fólk. Byggingarnar eru samtengdar til að auðvelda íbúum aðgang að nauðsynlegri þjónustu og félagsstarfi í nærumhverfi sínu. Nú þegar gefst fólki kostur á að auka lífsgæði sín með fjölbreyttum búsetukostum og njóta þess besta sem í boði er í þjónustu við aldraða. Samkomulag ríkis og Kópavogsbæjar um stækkun hjúkrunarheimilisins um 64 rými var undirritað fyrir nokkrum árum og það mun verða mikil lyftistöng fyrir samfélagið í Boðarþingi. Aðstæður kalla á að haldið verði áfram á þeirri braut sem upphaflega var lagt af stað með og hverfið upp með Vatnsendahlíðinni verði stækkað. Auk íbúða væri hægt að gera ráð fyrir þjónustusvæði með verslunum, kaffi- og veitingastöðum, heilsurækt og öðru, sem mætir þörfum og óskum þeirra sem vilja sækja þjónustu og afþreyingu á svæðinu.

Bergljót Kristinsdóttir
Helga Jónsdóttir
Kolbeinn Reginsson
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

